

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRID

1949.

SÚÐ-AUSTURLNDSUMDÆMI.

SKÓGRÆKT RÍKISINS.

GIRÐINGAR, FRIDUN & VIÐHALD GIRÐINGA:

Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu, en gömlum girðingum haldið við og endurbættar eins og föng voru á.

GRÓÐRARSTÖÐVAR?

Við græðireitinn á Tumastöðum var unnið svo sem frekast var kostur og fé entist til. - Ekið var í reitinn um 100 bilhlössum af sandi, skjólbelti stækkuð og landið plægt og herfað fyrir plöntun næsta vor. Plægðir voru rúmir 2 ha undir væntanlega stækun á græðireitnum. - Auk þessa voru lagfærð lokræsi og skurðir og grafin um 200 m löng lokræsi.

SÁNING Í GRÓÐURHÚS:

Sitkagreni	1,6 kg	22 m ²	(Divøde, Ken.)
Sitkagreni	9 -	42 -	(Homer.)
Sitkagreni	6 -	14 -	(Pt. Pakenham.)
Birki	0,1 -	4 -	(Rognan.)

SÁNING Í GRÆÐIREITINN: UNDIR GLER.

○ Rauðgreni	0,25 kg	3 m ²	(Fellingfors.)
○ Rauðgreni	0,25 -	3 -	(hærd-Foten.) <i>Land Toten</i>
○ Rauðgreni	0,25 -	3 -	(Trysil.)
○ Rauðgreni	0,15 -	2 -	(Hindalen.)? <i>Sindal</i>
Lerki	0,40 -	4 -	(norskt, á þokanum stöð "Blandet.")
Lerki	0,48 -	4 -	(L- Siberica.)
○ Fura	3,5 -	44 -	(Innhavet.)

SÁÐ Í GRÆÐIREITINN: EKKI UNDIR GLER.

○ Rauðgreni	3	kg	66 m ²	(Fellingfors.)
Fura	1,1	-	60 -	(Målselvdal.)
○ Fura	2,5	-	44 -	(Innhavet.)
Cembrafura	3,0	-	20 -	(?) Tromsø.)
○ Rauðgreni	3,5	-	70 -	(Land Foten.) <i>Land Toten</i>

DREIFPLÖNTUN:

Sitkagreni	2/0	68.550 stk.	(Pt. Pakenham.)
Rauðgreni	1/0	9.000 -	(Troms.)
Blágreni	1/0	6.200 -	(Hallormsstaður.)
Skógarfura	1/0	900 -	(Dalsjöberget Sviðþjóð.)
Skógarfura	1/0	4.000 -	(Härjedalen, Sviðþj. til Gr1.)
Álmur	2/0	600. -	(Alstahaug.)
Lerki	1/0	1.000 -	(Syrack Larsen.)
Reynir	1/0	5.000 -	(Múlakot.) sáð í gróðurh. 23/11
Fura	3/0	2.000 -	1948, plantað í græði.
			reit 20/7 1949.
Samtals		<u>95.250 stk.</u>	

2. Utplöntun í árp
3. - " og sáning í hlöpu

STILKINGAR:

Sólber	5000	stk
Ribs	3700	-
Víðir	1500	-
Alaskaösp	1000	-
Caragana	550	-

Samtals 11.750 stk.

SELDAR & AFHENTAR PLÖNTUR:

Birki	4250	stk.
Reynir	1805	-
Víðir	1688	-
Rauðgreni	x1014	-
Sitkagreni	708	-
Gráreynir	x722	-
Fura	780	-
Sólber	567	-
Sp. Dougl.	688	-
Laxaber	539	-
Ribs	149	-

Samtals 12910 stk.

PLÖNTUR TIL SÖLU OG AFHENDINGAR VORIÐ 1950:

Birki 1. fl.	3600	stk.
Birki 2. fl.	4800	-
Reynir 1. fl.	1400	-
Reynir 2. fl.	800	-
Reynir 3. fl.	860	-
Víðir	300	-
Ribs	200	-
Sitkagreni	330	- (öskuplöntur.)
Fura 2/2	7800	-
Geitblöðingur	1000	-
Sp. Dougl.	140	-
Fura 2/2/1	2000	-

Samtals 23230 stk.

GRÖÐURSETNING & SÁNING:

4. júlí var farið í Þjórsárdal með 1000 stk af furu 3/0 og 1 1/2 kg af furufræi og því sáð í sandinn fyrir ofan Hjálp, vestan Fossár. - Dagana 4. - 7. júlí var plantað í brekkuna nørðaustur af Tumastaðabænum, 200 sitkagreniplöntum (frá Hallormsstað.) - og 1500 rauðgreniplöntum (frá Noregi, Andselv.)

BYGGINGAR:

Unnið var allt sumarið við verkamannahús á Tumastöðum. Gólfplata var steypd, útveggir allir hlaðnir úr holsteini, milliveggir ýmist hlaðnir úr milliveggjaplötum eða steypdir úr vikur, loftið allt klætt með panel, þak þéttklætt með 1 x 6 og tjöruppappa, járnklætt.

FERDALÖG:

6.-26. júní var ég í Tromsfylki í Noregi, sem fararstjóri 30 manna flokks, sem fór þangað til að læra plöntun og annað það, er að skógrækt lýtur. - 2. júlí og 11. ágúst fór ég í Skarfanés til eftirlits þar. - 23. - 24. júlí, 4. - 7. ágúst og 21. október fór ég inn á Þórsmörk til eftirlits með skógi og girðingum. - 22. - 23. ágúst var ég ásamt skógræktarstjóra í Þjórsárdal. - 9. - 10. okt. fór ég með skógræktarstjóra austur að Múlakoti á Síðu. - 29. 30. okt. sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Reykjavík. - Auk þessa fór ég stuttar ferðir hér um nágrennið til eftirlits og leiðbeininga.